

Föstudagur, 22. júní, 2007

Ákvörðun nr. 25/2007

Samruni VBS fjárfestingarbanka hf. og FSP hf.

1.

Með bréfi dagsettu 7. maí 2007 var tilkynnt um samruna VBS fjárfestingarbanka hf. og FSP hf. Samrunatilkynning þessi uppfyllti ekki skilyrði þau sem gerð eru til samrunatilkynninga skv. 17. gr. samkeppnislaga og reglna nr. 881/2005 um tilkynningu samruna og hófst því sá frestur sem Samkeppniseftirlitið hefur til þess að tilkynna um frekari rannsókn samruna sbr. 4. mgr. 17. gr. ekki við móttöku bréfsins. Var óskað eftir ítarlegri upplýsingum með bréfi þann 10. maí. Bárust fullnægjandi upplýsingar loks þann 25. maí. Telur Samkeppniseftirlitið að með ofangreindri upplýsingagjöf hafi VBS fullnægt skyldu sinni til þess að tilkynna um samruna í samræmi við ákvæði 17. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 og reglur um tilkynningu samruna nr. 881/2005. Var aðilum tilkynnt þar um með bréfi dagsettu 30. maí. Á grundvelli upplýsinga sem fram koma í samrunaskránni er það mat Samkeppniseftirlitsins að samruninn falli undir samrunaeftirlit 17. gr. laganna þar sem veltuskilyrði eru metin uppfyllt.

2.

VBS fjárfestingarbanki hf. er lánafyrirtæki í skilningi 3. tl. 1. mgr. 4. gr. laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002. Fyrirtækið er staðsett í Reykjavík og veitir hefðbundna fjárfestingarbankaþjónustu, miðlun veðskuldabréfa, eignastýringu, vörslu, miðlun verðbréfa og ráðgjöf ásamt milligöngu við kaup og sölu fyrirtækja.

FSP hf. starfar samkvæmt ákvæðum laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Félagið er eignarhaldsfélag sem hefur eingöngu átt í fjárfestingum fyrir eigin reikning og ekki boðið öðrum þjónustu sína.

3.

Fram kemur í samrunaskrá aðila að viðræður um hugsanlegan samruna hafi staðið yfir síðan í febrúar á þessu ári. Samningur aðila um samrunann var síðan samþykktur á hluthafafundum félaganna þann 30. apríl 2007. Í samrunaskránni kemur fram að tilgangurinn með sameiningu fyrirtækjanna sé fyrst og fremst sá að verða öflugt fjármálafyrirtæki sem er hæfara til að taka að sér stærri og arðsamari

verkefni á starfssvæði þess. Aukið eigið fé sem til verður við samrunann sé þar grundvallarþáttur. Að sögn samrunaaðila er starfsemi þeirra nær eingöngu á fjármálamarkaði. Er það mat samrunaaðila að óveruleg samþjöppun verði við samrunann þar sem starfsemi félaganna skarast lítið. Telja samrunaaðilar jafnframt að samkeppni sé afar hörð á þeim mörkuðum sem þeir bjóða fram þjónustu sína og aðgangshindranir mjög litlar. Þannig starfi þrír öflugir viðskiptabankar á markaðnum og hafi VBS fjárfestingabanki hf. oft staðið halloka gagnvart viðskiptabönkunum vegna smæðar sinnar og takmarkaðs fjármagns. Að mati samrunaaðila myndi aukinn styrkleiki við samrunann frekar gera bankanum kleyft að auka markaðshlutdeild sína og efla þannig aðhald og samkeppni á fjármálamarkaði.

4.

Með bréfi dagsettu 10. maí síðastliðinn tilkynnti Samkeppniseftirlitið aðilum um þá afstöðu stofnunarinnar að sú tilkynning sem barst eftirlitinu þann 7. maí 2007 hefði væri ófullnægjandi og beindi þeim tilmælum til þeirra að bæta úr þeirri tilkynningu. Samkvæmt 2. gr. laga nr. 57/2007 sem varð að 37. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 og gildi tók 27. mars 2007 leggur Samkeppniseftirlitið stjórnvaldssektir á fyrirtæki sem brjóta gegn „*tilkynningarskyldu skv. 3. mgr. 17. gr.*“. Í tilkynningarskyldunni felst að veita skuli fullnægjandi upplýsingar um viðkomandi samruna, sbr. einnig reglur nr. 881/2005. Samruni VBS fjárfestingabanka hf. og FSP hf. átti sér stað eftir gildistöku þessara breytingarlaga og hefur Samkeppniseftirlitið í sérstöku máli tekið til athugunar hvort leggja beri á VBS fjárfestingarbanka hf. stjórnvaldssektir vegna hugsanlegra brota á tilkynningarskyldu skv. 3. mgr. 17. gr. samkeppnislaga en ekki bárust allar þær upplýsingar sem áskyldar eru í viðauka við reglur 881/2005 um tilkynningu samruna innan tilskilins frests sbr. 17. gr. samkeppnislaga.

5.

Við mat á samkeppnislegum áhrifum samruna ber að líta til þess hvort samruninn hindri virka samkeppni með því að markaðsráðandi staða verði til eða slík staða styrkist, sbr. 17. gr. samkeppnislaga. Í ákvæðinu segir einnig að taka beri tillit til þess að hvaða marki alþjóðleg samkeppni hafi áhrif og hvort markaðurinn sé opinn eða aðgangur að honum hindraður. Þessi atriði eru í samkeppnisrétti í raun innifalin í mati á því hvort markaðsráðandi staða myndist eða styrkist. Í 4. gr. samkeppnislaga kemur fram að markaðsráðandi staða sé fyrir hendi þegar fyrirtæki hefur þann efnahagslega styrkleika að geta hindrað virka samkeppni á þeim markaði sem máli skipti og það geti að verulegu leyti starfað án þess að taka tillit til keppinauta, viðskiptavina og neytenda.

Athugun Samkeppniseftirlitsins hefur ekki leitt í ljós nein atriði sem benda til þess að umræddur samruni sé líklegur til að valda röskun á samkeppni hér á landi. Því er

ekki ástæða til að hafast að vegna samruna VSP fjárfestingabanka hf. og FSP hf. á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga.

Ákvörðunarorð:

„Í samningi VBS fjárfestingabanka hf. og FSP hf. um yfirtöku hins fyrrnefnda á öllu hlutafé hins síðarnefnda felst samruni í skilningi 4. og 17. gr. samkeppnislaga. Samkeppniseftirlitið telur ekki ástæðu til að aðhafast frekar vegna þessa samruna.“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson